

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Alþingi

Erindi nr. P 130/1048

komudagur 23. 2. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti 19. febrúar 2004

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, þskj. 716 – 477 mál

Landgræðsla ríkisins fagnar framkominni tillögu. Hún felur í sér aukna náttúruvernd á Íslandi. Eins og fram kemur er markmið þingsályktunartillögunnar að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Landgræðslan vill því með almennum hætti benda á að til að slík markmið náist til full þarf að gæta að þeim miklu jarðvegs- og gróðurverndarhagsmunum sem eru á sumum umræddra svæða, og ákvæðum alþjóðlegra samninga sem lúta að verndun jarðvegsauðlindarinnar. Tryggja þarf að fullt tillit sé tekið til þessara þátta við undirbúning friðlýsingar og stofnunar þjóðgarða.


1. **Friðlýsing og landgræðsla.** Á sumum þeirra svæða sem til stendur að friðlýsa er nú unnið að uppgræðslu og stöðvun jarðvegsrofs. Á svæðinu milli Látrastrandar og Náttfaravíkur (i. liður bls 20-21), svo dæmi sé tekið, hefur víða orðið alvarlegur skaði á vistkerfum vegna gróðureyðingar og jarðvegsrofs á liðnum öldum. Brýnt er að efla landgræðslustarfið þar enn frekar til að koma í veg fyrir áframhaldandi landhnignun. Það þarf að tryggja að í friðlýsingu svæða sé komið vel til móts við þarfir fyrir stöðvun jarðvegsrofs og endurreisn skaddaðra vistkerfi, þar sem þörf er á, enda brjóti slíkar aðgerðir ekki í bága við þau gildi sem tiltekin eru sem forsendur fyrir friðlýsingu viðkomandi svæða.
2. **Landgræðsla, stækkun þjóðgarða og stofnun Vatnajökulþjóðgarðs.** Sömu sjónarmið gilda vegna þjóðgarða. Þótt mestur hluti stækkunar Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum sé afar vel gróinn, þá eru þar svæði sem eru illa leikin af jarðvegsrofi. Landgræðslan og heimamenn vinna þar saman að landbótum. Í norðurhluta fyrirhugaðs Vatnajökulþjóðgarðs eru einhverjar mikilvirkustu sandleiðir á Íslandi, með meginrætur við Vatnajökul. Sandurinn berst með vindum til norðurs. Ein sandtungan endar í Dimmuborgum, þar sem

varnarbaráttan hófst 1942. Önnur sandtunga endar á Grjóthálsi ofan Vesturdals í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Ein meginforsenda þess að geta stöðvað þá miklu jarðvegseyðingu sem á sér stað víða á Norð-Austurlandi er að geta hamið sandinn á nógu stóru svæði, og sem næst upptökum hans. Ef þessi svæði verða tekin með í stækkun þjóðgarðs, þá þarf að gæta þess að verndun gróðurs og vistkerfa sé ekki fórnað á altari reglna sem eiga uppruna sinn við gerólíkar aðstæður erlendis. Gróður- og jarðvegsvend er ein af mikilvægustu forsendum almennrar náttúruverndar.

3. **Eignarhald á landi.** Af þeim svæðum sem tillagan nær til á Landgræðsla ríkisins m.a. Víðidal á Fjöllum (tengist lið II bls 1) og stór svæði í Öxarfirði (g. liður bls 18). Á þessum svæðum sem fleirum þarf að gæta hagsmuna gróðurríkisins á landi sem er víða illa farið. Í Öxarfirði er viðvarandi þörf framkvæmda til varnar landbroti, sbr. lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Hafa þarf samráð við Landgræðslu ríkisins um eignarlönd, sem enn hefur ekki verið gert.

Almennt séð falla markmið landgræðslustarfsins afar vel að forsendum nútíma náttúruverndar og þeim gildum sem liggja að baki tillögu til þingsályktunar um náttúruvernaráætlun 2004-200. Áréttað skal á sumum þeirra svæða sem þar eru tilgreind er um það ríka landgræðslu- og eignarhagsmuni að ræða að tryggja þarf sterka samráðsferla þar að lútandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.